

27. Myndrænn flótti frá ofbeldi

Nú sé ég hvað ég get gert

| | |
|------------------|--|
| Málefni | Ofbeldi |
| Þyngdarstig | Stig 1 |
| Aldur | 7–13 ára |
| Tími | 60 mínútur |
| Hópstærð | 4–20 börn |
| Tegund verkefnis | „Lifandi myndir“ búnar til, umræður |
| Yfirlit | Börnin sýna átök eða ofbeldisfullar aðstæður með „lifandi mynd“ og sýna svo hvernig hægt er að leysa málin án ofbeldis |
| Markmið | <ul style="list-style-type: none"> • Að efla vitund um hvað veldur ofbeldi • Að finna friðsamlegar leiðir til að leysa ágreining • Að hefja umræður um ástæður þess að ofbeldi er beitt |
| Undirbúningur | Enginn |
| Efniviður | Enginn |



Leiðbeiningar

1. Ræddu um ofbeldi við börnin. Hvað er ofbeldi? Hvers konar ofbeldi halda þau að sé til? Fáðu þau til að skilja að ofbeldi er ekki aðeins líkamlegt heldur einnig andlegt og sálrænt og felur í sér hótanir um misþyrmingar.
2. Skiptu börnunum niður í fjögurra til sex manna hópa. Segðu þeim að hver hópur eigi að nota fimmtán mínútur í að ræða um ofbeldisfullar aðstæður sem þau hafa verið vitni að eða upplifað (t.d. í skólunum, innan fjölskyldunnar, með vinum sínum). Síðan eiga þau að velja eitt af þeim atvikum sem þau ræddu um og búa til „lifandi mynd“ til að sýna hinum hvernig aðstæður voru. Allir í hópnum skulu vera með á myndinni og þetta á að vera „kyrrmynd“, án hljóðs og hreyfingar. Stellingar barnanna og andlitssvipur eiga að sýna hvaða hlutverki þau gegna á myndinni, þ.e. hvort þau eru þolandi, gerandi eða vitni.
3. Hver hópur á síðan að sýna myndina sína. Hinir í hópnum eiga þá að geta sér til um hvað sé að gerast á myndinni. Hópurinn sem er að sýna má ekki segja neitt.
4. Þegar allir hóparnir eru búnir að sýna „myndina“ sína, skaltu segja þeim að snúa til baka í hópinn sinn og spjalla um hvernig leysa mætti ágreininginn í kynningunni þeirra án ofbeldis. Síðan eiga þau að búa til aðra „lifandi mynd“ til að sýna hvernig málið var leyst.
5. Segðu hópnum að kynna sína mynd af lausn ágreiningisins fyrir öllum hinum. Að þessu sinni ættu að fara fram stuttar umræður að hverri kynningu lokinni og þá geta áhorfendurnir fyrst fjallað um það sem þeir sáu og kynningarhópurinn síðan útskýrt aðstæður og hvernig málin voru leyst. Spyrðu hvort einhverjar tillögur séu um annars konar lausnir. Segðu börnunum að meta þessar lausnir út frá eigin reynslu og bentu þeim á að yfirleitt sé hægt að leysa ágreining á fleiri en einn veg.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Gátuð þið sett ykkur í spor þeirra sem voru á ofbeldismyndunum? Hafið þið einhvern tímann lent í ofbeldisfullum aðstæðum?





- b. Var erfitt að finna friðsamlega lausn á málinu? Hvers vegna?
 - c. Hvernig leystuð þið málin?
 - d. Hvernig fannst ykkar að vera með á „lifandi mynd“?
 - e. Leið ykkur betur þegar þið kynntuð myndina sem sýndi lausnina á vandanum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - f. Hvað getur valdið því að aðstæður verði ofbeldisfullar eða fólk beiti ofbeldi?
 - g. Hvernig getið þið dregið úr eða komist hjá ofbeldi við erfiðar aðstæður?
 - h. Hvaða vísbendingar gefa ofbeldisfulla hegðun til kynna?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Fjalla einhver mannréttindi um að ofbeldi skuli ekki beitt? Hvaða mannréttindi eru það?
 - b. Hvers vegna eru mannréttindi sem fjalla um að ofbeldi skuli ekki beitt svo mikilvæg?
 - c. Hvernig er hægt að vernda slík mannréttindi?

Tillögur um framhald

- Þetta verkefni býður upp á umræður um ofbeldi innan hópans. Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, gefst börnunum kostur á að setja sér hegðunarreglur og vinna saman að því að þeim sé framfylgt.
- Þjálfun í að koma í veg fyrir ofbeldi eða þjálfun í friðsamlegri framkomu.
- Kannið hvort um sé að ræða einhverjar herferðir eða aðgerðir gegn ofbeldi í heimahögum ykkar.
- Skipuleggið jafningjafraeðslu um baráttu gegn ofbeldi í skólum.
- Í verkefninu „Áhorfandi eða hjálparhella“, bls. 60, er einnig fjallað um hin ýmsu hlutverk sem tengjast ofbeldisfullri hegðun. „Orð sem særa“, bls. 160, er verkefni sem fjallar um andlegt ofbeldi.

Hugmyndir um aðgerðir

- Búið til veggspjöld sem tengjast baráttu gegn ofbeldi og hengið þau upp á opinberum stöðum. Bendið á símanúmer eða heimilisfang þar sem fólk sem verður fyrir ofbeldi getur leitað ráða.
- Setjið upp götuleikrit sem fjallar um hvernig leysa má ágreining án þess að ofbeldi sé beitt.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Taktu tillit til þeirra barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi.
- Börnin geta líka valið sér „dæmigerðar“ aðstæður; þau þurfa ekki að tala um sig sjálf ef þau kæra sig ekki um það.
- Þegar þú kynnir verkefnið fyrir börnunum gæti nægt að láta einn lítinn hóp sýna „lifandi mynd“.
- Börnunum kann að reynast erfitt að leysa úr ofbeldisfullum aðstæðum á raunsæjan hátt, einkum ef fullorðnir koma við sögu. Vertu reiðubúin(n) með tillögur um hvar leita megi hjálpar og verndar, þar á meðal hjá barnaverndaraðilum innan sveitafélagsins.

Dreyting

Börnin gætu notað myndavél og tekið myndir af aðstæðum. Þá þyrfti að nota Polaroid-myndavél eða vera með stafræna myndavél og prentara. Þá væri hægt að hengja upp myndir hér og þar í stofunni með slagorðum eða hugmyndum um hvernig komast megi hjá ofbeldi.

